

REGLUGERÐ

um fjárhæðir bóta slysaftrygginga almannaftrygginga fyrir árið 2026.

1. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt II. kafla laga nr. 45/2015, um slysaftryggingar almannaftrygginga, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2026:

- a. Dagpeningar, skv. 3. mgr. 11. gr., 3.251 kr. á dag.
- b. Dagpeningar vegna barns á framfæri, skv. 3. mgr. 11. gr., 729 kr. á dag.
- c. Upphæð miskabóta skv. 12. gr. fer að reiknireglu 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.
- d. Dánarbætur, skv. a-lið 1. mgr. 13. gr., 6.723.705 kr. eingreiðsla.
- e. Dánarbætur, skv. 2. mgr. 13. gr., 1.319.536 kr. eingreiðsla.

2. gr.

Ef útreikningur skv. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 108/2021, um breytingu á lögum um slysaftryggingar almannaftrygginga, á eingreiðslu frá sjúkraftryggingastofnuninni liggur ekki fyrir 1. janúar 2026 til þeirra sem áður hafa fengið mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun skulu þær lífeyrisgreiðslur framlengjast, þ.e. viðeigandi hlutfall af 69.148 kr. á mánuði þar til útreikningur á eingreiðslu liggur fyrir. Ef við á gildir hið sama um barnalífeyri, þ.e. viðeigandi hlutfall af 50.634 kr. á mánuði fyrir hvert barn.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 23. gr. laga nr. 45/2015, um slysaftryggingar almannaftrygginga, sbr. 13. mgr. 32. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkraftryggingar, öðlast gildi 1. janúar 2026. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1613/2024, um fjárhæðir bóta slysaftrygginga almannaftrygginga fyrir árið 2025.

Heilbrigðisráðuneytinu, 9. desember 2025.

Alma D. Möller.

Sigurður Kári Árnason.